

KJÖRVARI 24

KJÖRVARI 24 er vatnsþynnt, þunnfljótandi alkýðbundin viðarvörn með öflugum rotvarnarefnum og litarefnum sem verja viðinn vel gegn niðurbroti af völdum sólarljóssins en hylja ekki viðaræðarnar, heldur framkalla og skýra þær.

KJÖRVARI 24 er gagnsæ viðarvörn ætluð á hvers konar við, hefllaðan og óhefllaðan úti sem inni þar sem þess er óskað að útlit viðarins haldist sem best.

Litir: KJÖRVARI 24 má blanda fjölda lita í STOFN.



KJÖRVARI 24 er ætlaður á hvers konar við, hefllaðan sem óhefllaðan, einkum utanhúss þar sem þess er óskað að viðaráferð sjáist.

Undirbúningur: Viðurinn skal vera hreinn og þurr. Bestur árangur næst þegar hann er meðhöndlaður nýr og stendur ekki óvarinn utanhúss. Veðraðan yfirborðsvið (gráma) skal slípa burt eða fjarlægja með **VIÐARSKOLA** fyrir meðhöndlun.

Efnismeðferð: Fyrir notkun skal hræra vel upp í dósinni. Bera má á flötinn með pensli, svampi eða sprautu. Hugsanlegt umframmagn sem ekki gengur inn í viðinn, skal þurrka af eftir 10-15 mín.

Notkun: (A) Nýr óvarinn viður. Fara ætti

jafnan 3 umferðir og þar af a.m.k. tvær í lit. (B) Viðhaldsmeðhöndlun. Ein til tvær umferðir með glærum KJÖRVARA 24 eða ein í lit og önnur glær allt eftir þörfum.

Hreinsun áhalda: Með VOLGU SÁPUVATNI eða penslasápu stax eftir notkun.

Efnisnotkun: ÓHEFLAÐUR VIÐUR: 4-6 fermetrar á lítra í umferð.

HEFLAÐUR VIÐUR: 8-10 fermetrar á lítra í umferð. Breytilegt eftir gljúpleika flatar, málunaráferð og aðstæðum.

Þurrktími: Snertþurr á um 5-6 klst. við 20°C. Lengist með lægra hitastig.

Yfirmálun: Eftir 8-12 klst. Lengist með lægra hitastig. Full harðnar á fleiri dögum.

Hitastig við áburð: Hitastig flatar skal vera milli 5°C og 30°C og 5°C yfir daggarmörkum lofts.

Eðlismassi: Um 1,0 g/ml. Þurrrefni: Um 32% af massa; um 32% af rúmmáli.

VOC-efni: Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl.A/f 130 g/l. Þessi vara inniheldur að hámarki 15 g/l.

Athugasemdir:

- Forðist að bera viðarvörn á í beinu sólskini.
- Kjörvari 24 þornar mun hraðar en Kjörvari 14. **Vinnið aðeins með lítið svæði í einu!** Dragið pensil ávalt í sömu átt.
- Framkvæmið prufu til að tryggja að útlit uppfylli væntingar.
- Geymið í lokuðum umbúðum á þurrum og svölum stað. Má ekki frjósa.

